

Ed.

950. Lög

um stofnun lifeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lifeyri.

(Afgreidd frá Ed. 22. sept.)

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lifeyri. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa geymdan lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., svo sem fyrir er mælt í 4. gr.

4. gr.

Til þess að kaupa lífeyri þann, sem 3. gr. ræðir um, skal embættismaðurinn verja 5% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaunin meiru en 5000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem fram yfir er þessa fjárhæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

5. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27% af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Eftirlaunin mega þó aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins.

Lífeyririnn greiðist með $\frac{1}{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

6. gr.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti, og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nú er embætti lagt niður, og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti; skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn.

8. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 4, 4. mars 1904, um eftirlaun, lög nr. 5, s. d., um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk, og lög nr. 48. 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta, úr gildi numin. Nefnd lög halda þó gildi sínu fyrir þá embættismenn, sem sitja í embættum, þegar þessi lög öðlast gildi, og eftirlaunarjett eiga, svo og ekkjur þeirra og börn, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna.